



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 31. janúar 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eypórsson, Pormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

1. Reiðhöll í Faxabóli norðan félagsheimilis

Kynnt eru drög að bréfi lóðarhafa til Reykjavíkurborgar. Fákur styður erindi bréfsins svo framarlega sem útboðsskilmálar og lóðaskilmálar séu virtir.

2. Snjómokstur gatna á félagssvæði

Stjórn Fáks mun skrifa erindi til borgarinnar þar sem farið er fram á að götur borgarinnar á félagssvæði Fáks séu þjónustaðar betur. Oft hefur liðið langur tími þar til götur eru mokaðar og mjög slæm færð í hverfum. Fákur mun óska eftir að Víðidalsfélagið, Almennadalsfélagið og Fjáreigendafélagið leggi nafn sitt við erindið.

3. Viðhald á félagsheimili

Verið er að mála aðalsalinn í félagsheimilinu og lýkur því í vikunni. Laga þarf lýsingu í félagsheimilinu og framkvæmdastjóri mun kanna lausnir varðandi það.

Fundi slitið 17:40

Fundargerð ritaði Einar Gíslason